

Mál nr. 102/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns.

Umferðarslys þgar bifreið ók út af Vestfjarðarvegi og valt þ. 1.12.2005.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.3.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 17.3.2011 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M ók norður Vestfjarðarveg. Þegar hann átti skammt eftir ófarið að bænum Miðskógum í Dalabyggð rann bifreið hans til og hann missti stjórn á henna og fór hún út af veginum og valt þrjár veltur og hafnaði á hjólinum. Í lögregluskýrslu segir að aðspurður hafi M sem var ökumaður ekki sagst vera slasaður. M segist hafa þjáðst af verkjum í baki síðan slysið varð en fram af því hafi hann verið við góða heilsu. M telur orsakatengsl milli bílslyssins og þeirra líkamsverkja sem hann býr nú við og umrætt slys sé það eina í sjúkrasögu M sem geti orsakað þá verki sem hann býr við. V hafnar bótaskyldu og telur orsakatengsl milli umferðaróhappsins þ. 1.12.2005 og verkja M í dag ósönnuð og bendir á að M hafi leitað til læknis árið 2005 og þá hafi verið væg óþægindi í baki og batahorfur taldar góðar. Síðan hafi M leitað til læknis árið 2008 og greindist þá með vöðvabólgu og höfuðverk án þess að tenging við slysið kæmi fram. Þá segir V að loks hafi M leitað til læknis tæpum 5 árum eftir slysið og beri þá við að hann tengi verkina við slysið, en ekkert komi fram í læknisvottorðunum um að vöðvabólguna og höfuðverkina megi rekja til slyssins. Að mati V eru orsakatengsl milli slyssins og verkja M því ekki sönnuð.

Álit.

Af framlögðum gögnum í málinu hefur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl milli slyssins þ. 1.12.2005 og þeirra líkamsverkja sem M er nú haldinn. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum.

Reykjavík 14.4. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.